

Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

07. tbl. • Júlí 2003

Vel heppnaður Dagur iðnaðarins með Landssambandi bakameistara

Sjá blaðsíðu 9



KORNAX



BÍRNASKARAI
vesturbæ



SI
Samtök iðnaðarins



Citymjólk
mjólk
á allra vörum



Tropi



- Stofnað 1958 -



Danamar



Agnúar á skattkerfinu

Undanfarin ár hafa stór skref verið stigin í þá átt að lagfæra íslenska skattkerfið og færa það í átt við það sem tíðkast meðal annarra Evrópuríkja. Margir telja að hér gæti óbeinna áhrifa EES-samningsins vegna þess að opinn markaður og frjálsir fjármagnsflutningar leiði til þess að ríki á EES-svæðinu séu í reynd í samkeppni hvert við annað. Það eru með öðrum orðum ekki einungis fyrirtækin í Evrópu sem keppa hvert við annað heldur er skattkerfið og opinber þjónusta einnig komin í samkeppni.

Segja má að í stórum dráttum séu einkum þrír skattar á Íslandi sem skera sig verulega úr í samanburði við skattkerfi nágrannaríkjanna.

Eignarskattur

Eignarskattur hefur verið hærri hér en í öðrum Evrópulöndum og á því sviði höfum við skorðið okkur úr. Norðmenn, sem lengi voru í öðru sæti hvað þessa skattlagningu varðar, hafa ekki komist með tærnar þar sem við höfum haft hælana í þessum efnum. Eftir margra ára umfjöllun hefur nú að undanförunu verið stigið verulegt skref til

lækkunar eignarskatts og er það vel. Vonandi hillir nú undir að við skerum okkur ekki miklu lengur úr að þessu leyti.

Stimpilgjöld

Stimpilgjöld eru annar skattur sem hefur verið samtökum atvinnurekenda þyrnir í auga um árabíl. Þetta er skattheimta sem er ekki einasta úr takti við það sem tíðkast með öðrum þjóðum heldur er þessi einkennilegi skattur úr takti við ný lánsform og skjalalaus viðskipti á fjármála-markaði. Rafræn skráning eignarhluta í félögum er gott dæmi um þetta. Það er sem sé að verða æ erfiðara fyrir skattheimtumenn að koma höndum yfir pappíra til þess að stimpla og rukka. Þessi einkennilega skattheimta mismunar lánsformum og lántakendum og truflar viðskipti og er öllum til óþurftar.



Vörugjöld og matarskattar

Þriðji skatturinn, sem er sýnu verstur þessara þriggja, er vörugjaldið. Segja má að skattheimta af þessu tagi þekkist um allan heim að einhverju marki og það, sem skattlagt er víðast hvar eru annars vegar bílar og eldsneyti en hins vegar áfengi og tóbak. Þetta eru þær munaðarvörur sem þjóðir heims virðast flestar sammála um að skattleggja sérstaklega. Undanfarin ár hefur þróunin hins vegar verið sú að draga almennt úr sértækri skattheimtu af þessu tagi á aðrar vörur en þær sem að framan eru taldar. Kemur þar hvort tveggja til að í skattheimtu af þessu tagi felst tiltekin neyslustýring og þar með mismunun milli vörutegunda og framleiðenda. Hins vegar er það svo að frjáls för fólks, framleiðslu og fjármagns leiðir til þess að skattlagning af þessu tagi er talin afar óheppileg.

Einkennilegar munaðarvörur

Á Íslandi hafa vörugjöld verið við lýði um áratugaskeið og lögðust lengi með fullum þunga á hvers konar byggingarefni á borð við steypu, þakjárn, gler og málningu. Þessari skattlagningu var aflétt fyrir nokkrum árum en vörugjöld eru þó enn lögð á lagnaefni, gólfefni og hreinlætistækni. Það er með öðrum orðum talin sérstök ástæða til að skattleggja munaðarvörur á

borð við baðker, klósett og gólfduka. Eftir því sem næst verður komist er Ísland einasta ríki OECD sem skattleggur byggingarefni með þessum hætti.

Tvöfaldur neysluskattur á matvæli

Í útgjöldum íslenskra heimila vegna vörugjöld af matvælum þó langþingst. Mikið hafa menn velt því fyrir sér hvers vegna matvælaverð hér á landi sé svo miklu herra en í nágrannalöndunum en afar sjaldan er rætt um vörugjöld í því sambandi. Lausleg athugun, byggð á neyslukönnun Hagstofunnar frá árinu 1995 sýnir að 17,4% af útgjöldum vísitölufjölskyldunnar fóru til kaupa á matvælum. Þar af eru vöruflokkar sem bera vörugjöld um 6,1% eða um 35%. Þar með er því miður ekki öll sagan sögð. Þegar matarskatturinn svokallaði (14% virðisaukaskattþrep) var tekinn upp, var illu heilli ákveðið, að sælgæti, sykur, kakó og flestar drykkjarvörur skyldu áfram bera 24,5% virðisaukaskatt sem að sjálfsgöðu reiknast ofan á verð vörunnar með vörugjaldi. Út úr þessari skiptingu í æðri og óæðri matvæli verða auðvitað til alls konar einkennilegar afleiðingar eins og til dæmis sú staðreynd að íslenskt vatn án sykurs, sem sett er á flösku, er skattlagt með 8 kr. vörugjaldi á lítra og síðan með 24,5% virðisaukaskatti. Sykruð mjólk á sams konar flösku ber ekki vörugjald og lendir í 14% virðisaukaskatti.

Mishár virðisaukaskattur á matvæli þekkist ekki utan Íslands

Nú er til umræðu að lækka virðisaukaskatt af matvælum. Fyrsta skrefið í þeirri breytingu ætti að vera að feta í fótspor Svía sem lagt hafa af sérstaka vörugjaldtöku á óáfenga drykki og sætindi. Svíar og aðrar Norðurlandþjóðir skattleggja einnig allt sem ætt er í einu og sama virðisaukaskattþrepi. Það er einföld og framkvæmanleg regla. Það er gersamleg úr takt við tímans að skattyfirvöld á Íslandi stjórni því með skattlagningu hvað landsmenn borða. Hvers vegna á að skattleggja pilsner eða kolsýrt vatn sérstaklega umfram kaffi og mjólk. Af hverju er vörugjald og hærri virðisaukaskattur á súkkulaði en ekkert vörugjald og lægri virðisaukaskattur á feitu kjöti. Er ekki mál að slíki forræðishyggju linni á nýrri öld?

Sveinn Hannesson



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

07. tbl. Júní 2003

ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 28.06.2003

Prentvinnsla: Prenttækni hf.

Plastpökkun: Iðjuberg

Ljósmyndir: Arnaldur Halldórsson (veggspjald á forsiðu), Tryggvi Rúnarsson bls. 4, Jóhannes Long

Útgefandi: Samtök iðnaðarins

Borgartúni 35, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík

Sími: 591 0100, fax: 591 0101

Kennitala 511093-2019

www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson

Ritstjóri: Haraldur D. Nelson

Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmíðlum er frjálst að nota ritad efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmíðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Auknar kröfur gerðar til verktaka

- Mikill skriður á gæðastjórnun -

Verkkaupar eru smám saman að auka og herða kröfur sínar um góða stjórnun. Framkvæmdasýsla ríkisins mun frá og með næstu áramótum krefjast þess að verktakar geti sýnt fram að þeir vinni samkvæmt gæðakerfi. Í framhaldi af því má vænta þess að strax á útboðsstigi verði gerð krafa um að verktakar geti lagt fram viljayfirlýsingu tryggingarfélags um verkabyrgðir og þá má búast við að tryggingarfélagin krefjist þess að viðkomandi verktaki leggi fram sýnishorn úr gæðakerfi sínu (gæðatryggingu) til staðfestingar á fyrirhuguðum vinnubrögðum.

FSR krefst þess nú þegar að verktakar geti lagt fram yfirlýsingu frá endurskoðanda um að fyrirtækið hafi jákvæða eiginfjárstöðu. Með þetta m.a. að leiðarljósi stóðu Samtök iðnaðarins fyrir „samræmingu á kröfum“ um gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir á síðasta ári í samvinnu við marga af stærstu verkkaupum landsins. Í framhaldi af því stóðu þessir aðilar sameiginlega að námskeiðum um allt land í vetur þar sem farið var yfir sérhvert atriði krafanna með tilheyrandi skýringum og dæmum.

Vandaður undirbúningur verktaka bætir afkomuna

Nú er árangurinn af þessu starfi að koma í ljós þar sem kröfur í útboðsgögnum um gæðastjórnun eru almennt orðnar einfald-



ari, skýrari en ekki síst einsleitari en áður var. Skilningur verktaka á einfaldleika og notagildi gæðastjórnunar við verklegar framkvæmdir hefur greinilega aukist og þeir leggja nú metnað sinn í að stjórna framvindu verka með fyrirbyggjandi aðgerðum og vönduðum undirbúningi og koma þannig í veg fyrir að þurfa að vinna sig út úr málum sem hafa misfarist á einhver hátt. Þessir sömu verktakar uppskera nú í betri afkomu sem nemur milljónum og jafnvel tugmilljónum króna í stærri verkum.

Góð umhirða um aukaverk og breytingar skiptir sköpum

Þennan góða árangur má að miklu leyti þakka markvissari stjórnun sem byggist m.a. á betra umhaldi um aukaverk og breytingar. Það að verktakar, sem hafa góða umhirðu um aukaverk og breytingar, geti lagt fram raunhæfar kröfur um greiðslur sem nema jafnvel tugum prósentu af upprunalegri samningsfjárhæð, hefur fengið verkkaupa til að íhuga hvort undirbúningi og hönnun verka hafi verið gerð nægilega góð skil áður en gengið var til útboðs og samninga um sjálfa framkvæmdina. Verktakar kvarta oft sáran undan að gerðar séu breytingar á síðustu

stundu og að teikningar og verklýsingar berist þá bæði seint og illa.

Það er því íhugunarefni hvort verkkaupar eigi ekki að gera sömu kröfur um gæðastjórnun til hönnuða og þeir gera til verktaka.

Sömu kröfur gerðar til hönnuða og verktaka um gæðatryggingu

Framkvæmdasýsla ríkisins hefur gefið út yfirlýsingu um að stofnunin muni innan þriggja ára eingöngu eiga viðskipti við hönnuði sem eru með gæðakerfi og ennfremur að ekki verði skipt við aðra hönnuði en þá sem eru með vottað gæðakerfi innan fimm ára. Forsenda góðrar stjórnunar (gæðastjórnunar) er að undirbúningur framkvæmda sé bæði markviss og vandaður því að ekkert dafnar betur en til er sáð.

„Samræmdar kröfur“ verkkaupa varða ekki síður framlag hönnuða en almennra verktaka og birgja. Það ættu því að vera sjálfsögð vinnubrögð að krefjast áætlunar um gæðatryggingu byggða á þessum sambærilegu kröfum áður en gengið er til samninga um hönnun verksins. Hæfni hönnuða til verkefnistjórnunar ætti að endurspeglast í gæðatryggingunni og vera hluti af mati verkkaupa á hæfasta hönnuði til verkefnisins.

Fáeinir verkkaupar hafa nú þegar útbúið verklagsreglur með lýsingu á kröfum sínum um gæðatryggingu hönnuða og sjá má sýnishorn af sambærilegum verklagsreglum úr gæðakerfi SI á www.gsi.is.

Ferdinand Hansen

Ert þú umhverfisvæn?

Umhverfisfræðsluráð, sem heyrir undir umhverfisráðuneyti, hefur óskað eftir samstarfi við Samtök iðnaðarins um að auka umfjöllun um umhverfismál frá sjónarhóli fyrirtækja og atvinnulífs.

Tilgangurinn er sá að vekja athygli á tengslum fyrirtækja og umhverfismála, í því skyni að benda á fyrirtæki sem standa framarlega í umhverfisvernd og hvetja atvinnulífið til þess að láta meira til sín taka á því sviði. Í því skyni vill ráðið setja upp vefsetur með upplýsingum um íslensk fyrirtæki og umhverfismál. Á vefsetrinu verður listi yfir fyrirtæki með umhverfisvottaða starfsemi og vörur, fyrirtæki með



umhverfisstefnu (vottaða eða óvottaða), fyrirtæki sem hafa hlotið ýmsar viðurkenningar á sviði umhverfismála o.fl. þessu tengt.

Umhverfisfræðsluráð hefur nú um nokkurt skeið rekið Umhverfisvefinn sem

er ætlað að verða besti og aðgengilegasti upplýsingavefur um umhverfismál á íslensku fyrir skólafólk og almenning. Hugmyndin er einnig að koma á samstarfi við Samtök iðnaðarins og nota vefsetur þeirra, idan.is til þess að koma þeim upplýsingum á framfæri. Þar er einnig að finna upplýsingar um tengsl umhverfismála og fyrirtækja.

Okkur langar að kanna hvort áhugi er á þessu meðal félagsmanna Samtaka iðnaðarins og biðjum þá sem þetta lesa og áhuga hafa á málinu að hafa samband við Jón Steindór Valdimarsson, sími 591-0122 (jon@si.is) eða Harald Dean Nelson, sími 591-0116 (nelson@si.is).

Plastprent festir rætur í Lettlandi

Fyrir rúmum tíu árum voru starfandi 9 fyrirtæki hér á landi í plastumbúðageiranum með um 300 starfsmenn. Nú eru aðeins tvö þeirra enn við lýði, Plastprent og Sigurplast. Sigurður Bragi Guðmundsson er framkvæmdastjóri beggja fyrirtækjanna og hann segir að stefnt sé að því að sameina þau á næstu mánuðum. Hann segir að ástæðuna fyrir þessari miklu fækkun fyrirtækja í þessum iðnaði megi rekja til þess að framleiðsla þeirra hafi verið að færast til útlanda, m.a. vegna lakari samkeppnisstöðu hér á landi tengdri gengissveiflum, auknum launakostnaði og háu vaxtastigi í alþjóðlegum samanburði.

Mikil hagræðing en dugar ekki til

Sigurður Bragi segir að plastumbúðafyrirtækin nú hafi smám saman keypt hvert annað upp svo að segja megi að mikil hagræðing hafi orðið í greininni með einum eða öðrum hætti. „Þessi hagræðing var nauðsynleg enda er verð á plastumbúðum nú aðeins brot af því sem þá var. Nú hefur verið hagrætt svo mikið í greininni að ekki verður gengið lengra í því efni. Þótt alltaf megi gera betur eru engir stórsigrar framundan hvað það varðar.“

Góð samkeppnisstaða skiptir mestu

Sigurður Bragi telur að síðustu ár hafi launahækk-anir orðið of miklar hérlendis



Sigurður Bragi Guðmundsson

fyrir atvinnulífið og yfirvöld hafi, að því er virðist, misst tók á þróun launakostnaðar opinberra starfsmanna. „Vextir eru of háir hér á landi. Það hefur hjálpað okkur að taka erlend lán því að vextir af þeim eru lágir og auðvitað hefur það orðið til að létta vaxtaþyrðina eins og sakir standa en fyrir okkur skiptir mestu að samkeppnisstaðan sé góð og reksturinn skili arði. Nú keppum við t.d. við poka frá Austur-Asíu en þeir eru seldir í dollurum sem hafa lækkað um 30%. Það þýðir t.d. að vélar, sem við eigum og framleiddum megnið af burðarþökum fyrir íslenskan markað, standa nú ónotaðar á sama tíma og pokarnir eru framleiddir í Asíu og skapa atvinnu þar. Ef engin breyting verður á þessu ástandi verða þær að fara úr landi og koma aldrei aftur,“ segir Sigurður.

Vekja þarf athygli á mikilvægi iðnaðarinnar

Sigurður Bragi er ósáttur við að trygg-ingagjaldið skyldi vera hækkað. „Sigurplast

hefur allraf hagnast vel og borgað sinn tekjuskatt og ég hef aldrei séð eftir þeim peningum en lækking hans kemur sér þó vel. Hins vegar hefur rekstur Plastprents, sem ég tók við árið 1999, gengið mjög erfiðlega og því er lítil hjálp í að fá afslátt af tekjuskatti en hækking á tryggingagjaldi. Það hefði komið sér betur að lækka tekjuskattinn minna en auka ekki á erfiðleika félaga sem eru með mikinn launakostnað og skapa mikla atvinnu með því að hækka launatengd gjöld. Það er vanhugsað,“ segir Sigurður Bragi og vill að SI og SA beiti sér fyrir að þessu verði breytt og vonar að sú ákvörðun, að hækka tryggingagjaldið, verði endurskoðuð í ljósi þess sem koma skal.

Starfsemin flyst smám saman úr landi að óbreyttu

Sigurður Bragi spyr hvenær menn ætli að vakna. „Verður það þegar flest fyrirtækin eru farin úr landi og atvinnuleysið er orðið óbærilegt eða ætla menn að opna augun núna? Mitt starf er að hámarka arð hluthafa en þeir spyrja ekki hvort hagnaðurinn verði til hér á landi eða í Lettlandi eða hvort segja verði upp fólki hér á landi. Þeir vilja bara að arðurinn sé sem mestur. Ég tel að Plastprent eigi mikla möguleika í Lettlandi og við stefnum á frekari útrás þangað. Í fyrirtæki okkar þar vinna 200 manns og við erum að huga að öðrum fyrirtækjum og jafnvel í öðru Eystrasaltslandi en þó er rétt að hafa í huga að þessi útrás okkar getur brugðist eins og svo margra annarra.“

Umhverfisvæn framleiðsla

Sigurður segir að plast sé umhverfisvænt en auðvitað megi deila um það hvort sé verra fyrir umhverfið, vörubíll í gangi eða plastpoki í girðingu. „Það fer mest í taugarnar á mér þegar ég sé plastið á gaddavirsgirðingu en sem betur fer er aðeins brot af plastinu sem endar þannig hér á landi. Í mörgu tilliti er plastið mjög umhverfisvænt. Það mengar hvorki vatn né loft. Það er framleitt úr úrgangsefni sem fellur til við olíuvinnslu. Plastumbúðir eru léttari og fyrir-



ferðarminni en aðrar umbúðir og flutningskostnaður er því minni bæði hvað varðar rúmmál og þyngd þannig að heildaráhrif af notkun plasts eru hagkvæm. Allt eru þetta þó matsatriði en ég held því fram að plastið sé umhverfisvænna en margir halda.“

Bjartar horfur þrátt fyrir erfiðleika

Sigurður Bragi segir sveiflurnar í efnahagslífinu standa fyrirtækinu fyrir þrífum en það hafi eignast fyrirtæki erlendis, m.a. til að mæta þeim. „Þegar gengið er eins og núna færast framleiðslan þangað. Andvirði íslenskra vara, sem sendar eru utan í umbúðum frá okkur, nema mörgum milljörðum króna. Þær eru því mikilvægur og nauðsynlegur hlekkur í útflutningi Íslendinga. Rekstur Plastprents hefur ekki gefið arð í mörg ár en vonir standa til að það breytist á næstu árum með tækifærunum erlendis. Segja má að staðan hafi aldrei verið betri. Mönnum verður oft tíðræddara um það sem veldur áhyggjum en útlitið er að mörgu leyti bjart. Við höfum aukið mikið sveigjanleika fyrirtækisins, komið á hagræðingu hér heima með sameiningu tveggja fyrirtækja og erum með rekstur í tveimur löndum

Miklir vaxtarmöguleikar í Eystrasaltlöndum

„Ég held að Plastprent sé meðal 5% tæknilega fullkomnustu fyrirtækjum í veröldinni á þessu sviði. Starfsfólkið býr yfir mjög mikilli þekkingu og hana ætlum við að nýta til að flýta uppbyggingu í fyrirtæki okkar í Lettlandi en við ætlum ekki að grípa inn í daglegan rekstur. Lettneska fyrirtækið hefur skilað hagnaði síðastliðin 10 ár. Meðallaunin þar í landi eru um 30 þúsund krónur og menn eru mjög ánægðir að fá starf á þeim launum en þau hafa hækkað þar hægt og bítandi um 5 -10% á ári. Í Lettlandi er almennur verslunarrekstur á frumstigi og vaxtarmöguleikar eru því miklir. Við erum með 70% markaðshlutdeild af öllum pokum í þarlandum stórmörkuðum þannig að þótt við bara höldum okkar hlutdeild er veruleg aukning framundan. Því má færa mörg rök fyrir því að hagkvæmt sé að kaupa fyrirtæki þarna austur frá þótt hætturnar leynist víða á þessu svæði og ekki má hætta meiru en maður hefur efni á að tapa,“ segir Sigurður Bragi að lokum og lætur engan bilbug á sér finna.

Þóra Kristín Jónsdóttir

Mjöll hf. og Sápugerðin Frigg hf. sameinast í MJÖLL-FRIGG hf.

Fyrirtækin MJÖLL hf. á Akureyri og SÁPUGERÐIN FRIGG hf. í Garðabæ voru sameinuð fyrir skömmu en hið nýja fyrirtæki hóf starfsemi sína hinn 1. júní undir nafninu FRIGG-MJÖLL hf. og verður með starfsstöðvar bæði á Akureyri og á höfuðborgarsvæðinu. Með sameiningu þessara tveggja rötgrónu fyrirtækja verður nú til langstærsta fyrirtæki landsins í þessum iðnaði.

Markmiðið með sameiningunni er m.a. að byggja upp stærsta og öflugasta þjónustufyrirtæki á Íslandi í hreinlætisidnaði og sækja út á nýja markaði. Lögð verður áhersla á aukna og bætta þjónustu við viðskiptavini m.a. með víðtækri, faglegri ráðgjöf sérfræðinga varðandi notkun fjölbreyttra vara sem MJÖLL-FRIGG mun hafa á boðstólum. „Sameiningin bætir einnig samkeppnisstöðu á markaðnum gagnvart innfluttum hreinlætisvörum og felur í sér

mikla möguleika til hagræðingar á hörðum samkeppnismarkaði,“ segir Baldur Guðnason, stjórnarformaður Mjallar-Friggjar hf.

Fyrirtækið framleiðir 6 þúsund tonn af hreinlætisvörum ár ári og ársveltan verður um 700 milljónir króna. Baldur segir að hið nýja fyrirtæki muni því hafa sterka stöðu á innlendum hreinlætisvörumarkaði og efla styrk íslensks iðnaðar. Lögð verður áhersla á að efla rekstur sameiginlegs fyrirtækis til að hlúa að framangreindum markmiðum, s.s. með því að samræma og sameina helstu rekstrarþætti og vörumerki.

Þóra Kristín Jónsdóttir



Reglur um viðskipti birgja og matvöruverslana

Í lok síðasta árs gaf Samkeppnisstofnun út leiðbeinandi reglur um viðskipti birgja og matvöruverslana. Samtök iðnaðarins fengu Steingrím Ægisson, starfsmann hjá Samkeppnisstofnun, til að koma á fund 8. maí sl. og kynna reglurnar félagsmönnum í matvælaframleiðslu. Áhugi á þessu efni er greinilega mikill því að um 20 manns komu á fundinn og umræður urðu líflegar.

Reglurnar byggjast á ákvæðum samkeppnislaga en tilgangurinn með þeim er m.a. sá að skapa friðsamlegt ástand á markaði en þeim er einnig ætlað að vera aðilum á þessum markaði leiðbeining um hvernig hegðun, athafnir og ákvæði í samningum þeirra í milli samræmist ákvæðum samkeppnislaga. Aðdragandi að setningu reglnanna er sá að í kjölfar mikillar samþjöppunar í smásöluverslun með matvæli í landinu á árunum 1996-2000 vann Samkeppnisstofnun skýrslu um verðlagsþróun í smásölu á matvörumarkaði. Hún kom út vorið 2001 og í kjölfarið

var ákveðið að taka saman þessar leiðbeiningar.

Steingrímur fór ítarlega yfir leiðbeiningarnar og útskýrði merkingu þeirra. Hann lagði áherslu á að gerðir væru skriflegir samningar. Hann sagði þá grundvöll góðra viðskiptahátta þótt dæmi gætu verið um annað. Reglurnar í heild er að finna á vefsetri Samkeppnisstofnunar, www.samkeppni.is.

Að loknu erindi Steingríms urðu talsverðar umræður um skilarétt verslana. Margir töldu sig sakna umfjöllunar um þann rétt í leiðbeiningunum. Mikil vöruskil eru vandamál í öllum flokkum matvöru en þau koma sérstaklega illa niður á ferskvörum með takamarkað geymsluþol. Þetta telja menn vera stærsta vandamál sem matvöruframleiðendur eiga við að etja um þessar mundir og fulla þörf á að setja um þetta reglur. Í framhaldi af fundinum hafa Samtök iðnaðarins skrifað Samkeppnisstofnun bréf þar sem óskað er eftir fundi með stofnuninni um málið og jafnframt farið fram á að kannað verði hvort þörf sé á að setja reglur um skilarétt.

Ragnheiður Héðinsdóttir

Fyrsta íslenska þvottastöðin fyrir fiskeldiskvíar

Netagerð Friðriks Vilhjálmssonar hf. tók nýlega í notkun fullkomna þvottastöð fyrir fiskeldiskvíar á Reyðarfirði. Þvottastöðin er sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi og leysir úr brýnni þörf fyrir hreinsun og viðhald netpoka fyrir eldiskvíar. Stöðin er í ríflega 600 fermetra húsnæði sem aðeins tók um þrjá mánuði að byggja.

Sérhæft fyrirtæki í fiskeldisþjónustu

Netagerð Friðriks Vilhjálmssonar hefur, frá því haustið 2000, sérhæft sig í þjónustu við fiskeldi og byggt upp heildar þjónustu við fyrirtæki í þessari vaxandi atvinnugrein. Til þessa hafa meginþættir fiskeldisþjónustunnar falist í að framleiða netpoka og festingar fyrir eldiskvíar. Með opnun fullkominnar þvottastöðvar er nú lokið ríflega tveggja ára þróunarferli. Kostnaður við uppbyggingu á fiskeldisþjónustu Netagerðar FV, ásamt byggingu þvottastöðvarinnar, er hátt í 100 milljónir króna.

Þjónusta eins og best gerist

Hin nýja þvottastöð er mjög fullkomin og búin bestu fánlegu tækjum. Að sögn Jóns Einarssonar, framkvæmdastjóra

Netagerðar Friðriks Vilhjálmssonar, er stöðin afar umhverfisvæn og til dæmis er allt vatn, sem notað er við þvottinn, hreinsað og notað aftur. Starfsemin hefur verið þróuð í samstarfi við norska fagaðila og þannig er tryggt að sú þjónusta, sem þvottastöðin veitir sé sambærileg við það besta sem nú gerist í heiminum. Á þessu ári verða tveir starfsmenn í stöðinni en þeir verða 4-5 þegar starfsemin kemst í fullan gang.

Verulega aukin eftirspurn

Jón Einar segir ljóst að mikill vöxtur verði í fiskeldi á Íslandi á næstu árum og þörfin fyrir þjónustu af þessu tagi muni vaxa í takt við vöxtinn í fiskeldinu. Netpokar fyrir eldiskvíar eru framleiddir á Netaverkstæði Friðriks Vilhjálmssonar og litaðir með sérstöku efni sem ver þá fyrir ágangi sjávargróðurs og síðan þurrkaðir, litun og þurrkun fer fram í þvottastöðinni. Pokarnir þurfa reglulegt viðhald og þá verður að taka úr sjó einu sinni á ári til þvottar, viðhalds og endurlitunar. Pokarnir eru fyrirferðamiklir og krefst viðhald þeirra mikillar sérhæfni í vinnubrögðum og



Þvottastöðin

tækjabúnaði eins og fyrir hendi er í þvottastöð Netagerðarinnar á Reyðarfirði.

Þjónar fyrirtækjum af öllu landinu

Markaðssvæði þvottastöðvarinnar er allt Ísland og Jón Einar segir að stöðin geti auðveldlega þjónað fiskeldisfyrirtækjum hvar sem er á landinu. Stöðinni var fundinn staður á Reyðarfirði þar sem hún er miðsvæðis gagnvart fiskeldi sem þróast mun á Austurlandi á næstu árum og er einnig flutningslega vel sett hvað varðar samgöngur við aðra staði á landinu.

Rótgróið fyrirtæki

Netagerð Friðriks Vilhjálmssonar hf. er rótgróið fyrirtæki í veiðarfæraframleiðslu og þjónustu. Starfsemi hennar hefur vaxið mjög á síðustu árum. Auk hinnar nýju þvottastöðvar á Reyðarfirði rekur fyrirtækið nú alhliða veiðarfæraþjónustu á tveimur stöðum á landinu, í Neskaupstað og á Akureyri. Að auki á félagið eitt dótturfélag, Gúmmíbátþjónustu Austurlands ehf. í Neskaupstað, sem skoðar og sér um viðhald gúmmíþjörgunarbáta og þjörgunargalla. Heildarvelta félagsins á árinu 2002 nam tæpum 230 milljónum króna.

Þóra Kristín Jónsdóttir



Jón Einar Marteinsonn framkvæmdastjóri, Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra og Steindór Björnsson yfirverkstjóri í þvottastöð

„Hátt gengi krónunnar: Hvað er til ráða?“

Samtök iðnaðarins buðu til morgunverðarfundar 24. júní um hátt gengi krónunnar. Fundurinn var vel sóttur. Mikilvæg niðurstaða fundarins varð sú að markvissra mótvægisáðgerða sé þörf í stjórn opinberra fjármála til að hafa áhrif á heildareftirspurn hagkerfisins fram yfir fjárfestingarskeið stóriðju. Aðeins það geti gefið Seðlabankanum trúverðugt svigrúm til að halda vöxtum og vaxtamun við útlönd eins lágum og frekast er unnt til að vinna gegn skaðlegri styrkingu krónunnar.

Frummælendur voru Þorsteinn Þorgeirsson, hagfræðingur SI, Bolli Þór Bollason, skrifstofustjóri Efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins, Már Guðmundsson, aðal-hagfræðingur Seðlabankans og Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbanka Íslands. Fundarstjóri var Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI. Hann reifaði erfiða stöðu iðnfyrirtækja vegna hins háa gengis krónunnar og taldi brýna þörf á samstilltri hagstjórn til að sporna við „ruðningsáhrifum“ stóriðjuframkvæmda á komandi árum.

Þörf á samræmdri hagstjórn

Þorsteinn Þorgeirsson ræddi um misvægi í hagstjórn undanfarinna ára og taldi að opinberum fjármálum hafi ekki verið stýrt nægilega til að hafa áhrif á heildareftirspurn í hagkerfinu. Seðlabankinn hafi haldið vöxtum hærra en ella og það hafi leitt til styrkingar krónunnar. Komi fjármál hins opinbera ekki að hagstjórninni í auknum mæli haldist vextir og gengi hærra en ella, útflutningstekjur dragist saman og innflutningur og viðskiptahalli aukist hratt á ný. Fórarkostnaður af hágengi geti numið 55 milljörðum króna í formi aukinna erlendra skulda en það auki líkur á að krónan taki dýfu síðar. Við hefðum fengið forsmekkin af gengisfalli árið 2001 þegar skuldsett fyrirtæki og einstaklingar urðu fyrir fjárhagslegu áfalli. Undanfarin ár hafi erlendar skuldir þjóðarbúsins verið léttbærari en ella sökum mjög lágra vaxta erlendis. Með uppgangi alþjóðlega hagkerfisins hækki vextir og viðskiptahallinn þar með. Því sé afar mikilvægt að sporna nú við frekara ytra misvægi með ábyrgri hagstjórn. Nú þurfi þátttaka ríkissjóðs og



sveitarfélaga í hagstjórninni að aukast til að veita Seðlabankanum svigrúm til að draga úr vaxtamun við útlönd og styrk krónunnar.

Hlutverk ríkisfjármála í hagstjórn á næstu árum

Bolli Þór Bollason sagði ríkisfjármál verða í lykilhlutverki í hagstjórn á næstu árum. Þrátt fyrir mótvægisáðgerðir hins opinbera, aðhald í samneysluútgjöldum og launastefnu, muni hagvöxtur líklega fara yfir 5 % meðan stóriðjuframkvæmdir standa sem hæst. Bolli Þór taldi að tryggja verði að laun ríkisstarfsmanna fari ekki fram úr þróun á almennum vinnumarkaði. Aukið aðhald verði meginmarkmið fjármálastjórnar ríkissjóðs á komandi árum og það muni birtast í fjárlagagerð fyrir árið 2004.

Hágengi og hagstjórnarvandinn

Már Guðmundsson sagði m.a. að væntingar tengdar stóriðjuframkvæmdum á næstu árum skýri hátt gengi krónunnar en ekki aðhaldsöm peningastjórn. Markaðurinn hafi væntingar um hærra gengi og vexti á komandi árum. Með kaupum á gjaldeyri hafi Seðlabankinn spyrnt við frekari styrkingu krónunnar. Aðhald í opinberum fjármálum og niðurskurður opinberra framkvæmda sé raunhæfasta leiðin

til að draga úr háu raun-gengi á framkvæmdatímanum. Slíkt muni ekki ógna verðbólgu-markmiði og efnahagslegum stöðugleika. Þá

taldi Már lægra gengi ekki stefna verðbólgu-markmiði Seðlabankans í hættu.

Væntingar og viðbrögð á fjármagnsmarkaði

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbanka Íslands, taldi eðlilegt að væntingar á fjármagnsmarkaði um hærra gengi hafi komið á undan sjálfum framkvæmdunum. Þá benti hún á að mikil styrking krónunnar hafi verið rofin undanfarið, líklega tengt inngrípum Seðlabankans. Edda Rós fjallaði um skuldabréfa-kaup erlendra fjárfesta og áhrif þeirra á gengið. Slík kaup hafi verið að miklu leyti fjármögnuð með endurhverfum lánnum við Seðlabankann en með því komast fjárfestarnir hjá þeirri gengisáhættu sem fylgir krónunni en hagnast á þeim vaxtamun sem er á verðtrygguðum vöxtum skuldabréfa og stýrivöxtum Seðlabankans. Hækki Seðlabankinn stýrivexti mun vaxtamunur slíkra viðskipta minnka og jafnvel hverfa og það getur haft ófyrirsjáanleg áhrif á viðbrögð þessara fjárfesta. Edda Rós taldi mikilvægt að stjórnvöld sýni aðhald í opinberum fjármálum og kynni fljótlega trúverðugar aðgerðir sem gætu breytt væntingum á gjaldeyrismarkaði.

Þóra Kristín Jónsdóttir

Naumar fjárheimildir til tæknikennslu

Samtök iðnaðarins hafa lengi beitt sér fyrir því að auka skilning á þörf iðnfyrirtækja fyrir meiri verk- og tækni-menntun. Ekki síst er brýn þörf fyrir verkfræðinga og tæknifræðinga. Þessi boðskapur Samtakanna hefur náð eyrum ungs fólks enda hefur aðsókn þess í verkfræði og tæknifræði aukist jafnt og þétt. Leiða má að því sterk rök að nýsköpun í atvinnulífinu, sem leiðir af sér aukinn hagvöxt og fleiri störf, verði einmitt til í verk- og tæknigreinum.

Í þessu ljósi er erfitt að skilja tregðu fjárveitingarvaldsins til að veita heimild til vaxandi kennslu í tæknigreinum við Tækniháskóla Íslands. Á sama tíma og 200 umsækjendur eru að tækninámi við Tækniháskóla Íslands er fjárveitingarvaldið aðeins reiðubúið að fjármagna inngöngu 60 nýnema í tæknigreinar.

Af þessu tilefni sendi stjórn Samtaka iðnaðarins frá sér sérstaka ályktun.



Ályktun Samtaka iðnaðarins

Atvinnulífið hefur þörf fyrir fleira tækni-menntað fólk en nokkru sinni fyrr.

Fyrirsjáanleg uppbygging í iðnaði leiðir til aukinnar eftirspurnar tæknimenntaðs fólks. Samkvæmt könnun Samtaka iðnaðarins árið 2000 töldu fyrirtæki í iðnaði nauðsynlegt að fjölga tæknifræðingum og verkfræðingum um 80% á árunum 2000-2005.

Hér á landi ríkir vaxandi skilningur á mikilvægi tæknimenntunar. Það má m.a. sjá í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar en þar er kveðið á um sókn á sviði starfs- og verkmenntunar. Tækniháskóli Íslands var stofnaður á síðasta ári á grundvelli lagasetningar og er honum ætlað að efla þjónustu við tæknisamfélagið.

Ungt fólk gerir sér grein fyrir tækifærum sem tæknisamfélagið býður.

Tækniháskólinn hefur gert átak til að kynna námið og það er því gleðilegt að sjá að 200 manns hafa sótt um að hefja tækninámið við Tækniháskóla Íslands næsta haust.

Nú berast hins vegar þær fréttir að miðað við fyrirhuguð framlög á fjárlögum næsta árs verði einungis hægt að taka inn rúmlega 60 nýnema í tækninámi og þar með verði að vísa frá 140 umsækjendum vegna fjárskorts.

Samtök iðnaðarins hvetja stjórnvöld til þess að standa við gefin fyrirheit um uppbyggingu tæknimenntunar í landinu og tryggja fjárhagslegan grunn að tækninámi við Tækniháskóla Íslands í samræmi við þarfir iðnfyrirtækja fyrir tæknimenntað starfsfólk.



Ráðgjafaráðsfundur

Framhald af baksíðu

eða úthýsingar verk-efna. Hamla gegn ríkisvæðingu.

stefnumótunarvinnunni, urðu í eftirfarandi forgangsrið:

- iðnaði. Stofnaður hefur verið undirbúningshópur um framkvæmd sýninga, ráðstefna og viðburða næstu 10 árin.
- 7. Framleiðni og hagræðing í rekstri-fyrirtækja - Aðferðir og framkvæmd**
Leita uppi og beita bestu aðferðum (best practises) við rekstur iðnverktaka- og þjónustufyrirtækja í SI. Skoða markvisst þær aðferðir og nýjungar í stjórnun og rekstri sem í boði eru bæði hér á landi og erlendis. Fá til landsins fólk með afburða þekkingu og reynslu á afmörkuðum sviðum rekstrar, tækni og stjórnunar og efla þannig innlenda þekkingu á sviðinu.
- 8. Einkavæðing - Hamla gegn auknum umsvifum ríkisins**
Hvetja opinbera aðila til að draga úr eigin umsvifum og færa verkefni til einkaaðila - ýmist í formi einkavæðingar

- 9. Gæðatrygging - Gæðastjórnun**
Innleiða aðferðir gæðastjórnunar í fleiri iðnfyrirtæki og starfsgreinar í öllum greinum iðnaðar. Að halda áfram trúboði meðal iðnfyrirtækja fyrir notkun og uppbyggingu gæðastjórnunar í samstarfi við starfsgreinahópa og fyrirtæki. Athuga sérstaklega stöðu og framvindu vottunarmála.
- 10. Sameiginleg stefnumótun og framtíðarsýn SA**
Skapa breiðari og sterkari samstöðu innan atvinnulífsins í heild og hagsmunasamtaka þess með sameiginlegri stefnumótun og framtíðarsýn SA. Framkvæmdastjórar aðildarfélaganna SA skilgreini verkefnið og aðferðafræði við það og komi því í framkvæmd.

Önnur verkefni

Þau verkefni önnur, sem fram komu í

11. Arðsemi opinberra framkvæmda
12. Skattamál og meðferð virðisaukaskatts hjá opinberum aðilum bönkum og tryggingafélögum
13. Innkaup opinberra aðila - Áhersla á gæðakerfi
14. Vefur eingöngu fyrir félagsmenn - Útboðsvefur
15. Frumupplýsingar um reglugerðasmíð ESB og mat á áhrifum þeirra.
16. Endurskipulagning stjórnarsýslu-/ráðuneyta - Eitt deildarskipt atvinnuvegaráðuneyti
17. Laða hátækni-fyrirtæki til Íslands
18. Stefnumörkun vísinda og tækniráðs - Fjölgun samstarfsvettvangs um þróunar- og markaðsmál
19. Rafrænt Ísland
20. Útrás íslensks iðnaðar - Markaðssetning í Leifsstöð - Aukin útrás

Reykjavíkurborg og Samtök iðnaðarins reisa íþrótt- og sýningahöll í Laugardal

Reykjavíkurborg og Samtök iðnaðarins staðfestu nýlega með undirritun hlutfasamnings að hefjast handa við byggingu íþrótt- og sýningahallar sem tengd verður núverandi Laugardalshöll. Með hinu nýja mannvirki skapast fyrsta flokks aðstaða til sýningahalds hér á landi.

Sýningarsalurinn verður 4500 fermetrar að stærð en auk þess verður mjög góð aðstaða fyrir fundi í tengslum við sýningar og ráðstefnur og fyrsta flokks veitinga-aðstaða. Ennfremur verður byggð ný frambygging sem skapar afar glæsilega aðkomu að húsinu. Þá er áformað að gerð verði 400 ný bílastæði. Ljóst er að miklu máli skiptir að höllin er í nágrenni stórra og glæsilegra hótela í Laugardalnum.

Íþrótt- og sýningahöllin leigð út til margvíslegra nota

Reykjavíkurborg og Samtök iðnaðarins hafa stofnað sérstakt hlutfélag um þetta verkefni sem nefnist Íþrótt- og sýningahöllin og eiga þar hvort um sig jafnstóran hlut. Félagið byggir mannvirkið í einkaframkvæmd og leigir borginni og fleiri aðilum til afnota en auk þess annast félagið allan rekstur hallarinnar og markaðssetningu. Heildarkostnaður er áætlaður rösklega 1,4 milljarðar króna að meðtöldum endurbótum á núverandi Laugardals-



höll á vegum borgarinnar. Gert er ráð fyrir að Íþrótt- og sýningahöllin verðir tekin í notkun í ársbyrjun 2005.

Tiltekið jafnvægi tryggt

Samtök iðnaðarins eru þau samtök sem hafa staðið fyrir og komið að flestum sýningum í Laugardal um langt árabíl. Þess vegna er eðlilegt að borgin leiti til þeirra þegar lagt er í svo viðamikil verkefni í samstarfi borgar og atvinnulífs. Segja má

að SI fari fyrir þeim aðilum sem nota munu mannvirkin til annarra þarfa en íþróttæfinga og keppni, s.s. sýninga, funda- og samkomuhalds eða tónleika svo að nokkuð sé nefnt. Íþróttafélögin og borgarþátttakar munu nýta mannvirkin að mestu en aðild SI á að tryggja tiltekið jafnvægi milli íþróttaiðkunar og annarrar starfsemi í höllinni.

Framhald af forsíðu

Annar Dagur iðnaðarins á árinu tókst vel

Samtök iðnaðarins stóðu fyrir Degi iðnaðarins í annað sinn á þessu ári dagana 20. og 21. júní. Að þessu sinni voru tveir dagar tileinkaðir Landssambandi bakameistara og þóttu þeir takast með ágætum. Um 30 bakameistarar um land allt lögðu áherslu á að kynna viðskiptavinum sínum ýmsar nýjungar, s.s. grillbrauð sem sérstaklega rétt eða meðlæti með öðrum grillmat.



Bakarar ánægðir með viðtökurnar

Bakarar grilluðu brauðið fyrir utan bakaríun og gáfu gestum að bragða ásamt öðru meðlæti. Flestir bakarar voru með heitt á könnunni og börnin fengu líka sitt-hvað við sitt hæfi. Að sögn nokkurra bakara bæði á höfuðborgarsvæðinu og á

landsbyggðinni tókst Dagur iðnaðarins í bakaríunum hið besta. Þeir sögðust hæst-ánægðir með viðtökurnar og að viðskiptavinirnir hefðu tekið vel við sér einkum síðari daginn. Einn þeirra hafði á orði að allt hefði selst upp og að tilbreyting sem þessi hefði mikil og góð áhrif á viðskiptin.

Ráðgert er að halda fleiri Daga iðnaðarins síðar á árinu sem verða tileinkaðir öðrum iðngreinum eða aðildarfélögum SI.

Þóra Kristín Jónsdóttir



Prenttæknistofnun

Breytt stjórnarfyri- komulag

Á stjórnarfundum Prenttæknistofnunar 11. júní sl. var samþykkt að skipa formann og varaformann stjórnar Prenttæknistofnunar en sú skipan mála er nýnæmi í stofnuninni. Ákveðið var að þeir sitji eitt ár í senn og að Samtök iðnaðarins og Félag bókagerðarmanna skipi í embættin til skiptis þannig að þegar formaður PTS kemur úr röðum annars aðilans verði varaformaðurinn úr röðum hins.

Í samþykktinni kemur fram að hlutverk formanns er að styrkja tengsl stjórnar og framkvæmdastjóra, eiga regluleg samskipti við framkvæmdastjórnann og styðja við rekstur PTS. Jafnframt er gert ráð fyrir að formaður og varaformaður vinni náið saman að þeim málum og varaformaður sinni starfi formanns í fjarveru hans.

Jafnframt er kveðið á um að þótt formaður sé hverju sinni skipaður úr röðum fyrrgreindra aðila, SI og FBM, skuli þess gætt að fyllsta traust ríki þeirra í milli og að þeir skuldbindi sig til að aðhafast ekkert það, með athöfnum eða aðgerðarleysi, sem gæti skaðað eða spilt fyrir réttindum eða hagsmunum hins eða PTS.

Framkvæmdastjóri kemur að jafnaði fram fyrir hönd PTS en formaður getur þó gegnt því hlutverki en þá aðeins að fengnu samþykki aðalstjórnar PTS.

Á fundinum var ákveðið að formennskan kæmi í hlut FBM þetta starfsár. Formaður verður Sæmundur Árnason en Haraldur Dean Nelson frá SI verður varaformaður.

Haraldur Dean Nelson

Markaðssetning og menntun þjónustuiðngreina

Fulltrúar þjónustuiðngreina leggja áherslu á endurmenntun, meistara-laun til kennslu í fyrirtækjum, aukna gæðavitund viðskiptavina og aukna samvinnu skóla, iðnmeistara og menntamálaráðuneytis.

úrþótum á. Þeir mátu síðan atriðin eftir tilteknu kerfi þannig að eftir stóðu fáein atriði sem allir voru sammála um að hrinda þyrfti í framkvæmd. Helstu áherslurnar eru þessar:

- Endurmenntun er þörf. Fagmenn þurfa að halda þekkingu sinni við og



Samtök iðnaðarins efndu nýlega til hugstormunarfundar með þjónustuiðngreinum. Til fundarins var boðið stjórnnum gullsmiðameistara, úrsmiða, meistara og sveina í fataiðn, snyrtifræðinga, hárgreiðslumeistara og ljósmyndara. Fjórtán fulltrúar sóttu fundinn og unnu kerfisbundið að því að svara spurningunni: Hvaða aukin þekking og færni treystir betur stöðu okkar, bæði fagmennsku og rekstur fyrirtækisins?

Spurningin er víðtæk og svör við henni því unnt að sækja í margar áttir. Í svari fundarmanna kom sérstaklega fram ósk um aukna menntun og skýrari markaðssetningu. Til þess að einfalda leit að tilteknum svörum voru lagðar fram þrjár undirspurningar:

- 1) Hvernig getum við skapað fyrirtækjum okkar ný sóknarfæri?
- 2) Hvernig getum við orðið betra fagfólk?
- 3) Hvernig getur menntakerfið bætt kunnáttu okkar með hliðsjón af spurningum 1) og 2)?

Fundarmenn lögðu alls til 60 efnisatriði sem þeim þótti mikilvægt að vinna að

tileinka sér nýjungar.

- Meistarar, sem taka nema, fá greidd laun eins og aðrir kennarar.
- Nauðsynlegt er að efla gæðavitund (áhuga og virðingu) almennings á fagvinnum.
- Leiðréttta þarf reiknilíkan menntamálaráðuneytis gagnvart iðnnámi.
- Beita þarf viðurlögum gegn því að ófagglært fólk vinni við fagið.
- Skólar fari eftir námskrá í kennslu til sveinsprófs.
- Gera þarf skólum kleift að leigja kennsluáðstöðu hjá fyrirtækjum.
- Leggja þarf áherslu á nám í rekstri fyrirtækja, bæði á grunnnáms og eftirmenntun.
- Auka þarf samvinnu skóla, meistara og menntamálaráðuneytis um fagþjálfunina.

Misauðvelt er að hrinda hlutunum í framkvæmd. Á næstunni munu Samtök iðnaðarins leita eftir álit einstakra fagfélaga á því hvar vænlegast er að hefjast handa.

*Ingi Bogi Bogason
Kristrún Heimisdóttir*



Fræðslumiðstöð málmíðnaðarins gerð að einkahlutafélagi

Þann 28. maí sl. var undirritaður stofnsamningur milli Samtaka iðnaðarins og Samiðnar, sambands iðnfélaga, um einkahlutafélagið Fræðslumiðstöð málmíðnaðarins. Þetta nýja fyrirtæki tók yfir starfsemi Fræðsluráðs málmíðnaðarins sem rekið hefur verið undanfarin fimmtán ár samkvæmt sérstöku samkomulagi ofangreindra aðila, auk Samtaka atvinnulífsins.

Hvers vegna ehf.?

Ástæður þess að samningsaðilar ákváðu að breyta þessari starfsemi í einkahlutafélag eru all margar. Síðustu árin hefur starfsemi Fræðsluráðs málmíðnaðarins aukist mjög mikið og var velta þess á síðasta ári röskað 56 milljónir króna.

Það eitt að reka svo víðtæka starfsemi á

grundvelli einfalds samkomulags, sem ekki hefur lagast hvað varðar rekstur og ábyrgð nægði að dómi aðstandanda, til að færa hana til lögformlegs reksturs. Með því yrði óvissu eytt og leikreglur mun ljósari.

Með hliðsjón af mikilli þörf, sem þarf að mæta í endurmenntun á næstu árum í greininni og verkefnum sem FM hefur tekið að sér fyrir ýmsa aðila og snerta uppbyggingu og framkvæmd iðnnámsins, er ljóst að tryggja þarf markvissa og trausta stjórnun í allri stefnumótun og rekstri Fræðslumiðstöðvarinnar. Þar verður að gera sömu kröfur og í vel stýrðu fyrirtæki enda ætlast fyrirtækin og starfsmenn þeirra til þess að fá aðgang að bestu þjónustu hvað varðar fræðslu- og endurmenntun. Á því byggist hæfni þeirra til að standast samkeppni á alþjóðlega vísu.

Ný stefna – eflid starfsemi

Undanfarna mánuði hefur verið unnið að stefnumótun fyrir FM og var hún samþykkt á síðasta aðalfundi Fræðsluráðsins í apríl. Nú er framundan að fella þá stefnu inn í hluthafasamkomulag sem lokið verður við fyrir fyrsta aðalfund hins nýja einkahlutafélags á næsta ári. Fram að því verður unnið á grundvelli gamla samkomulagsins um Fræðsluráð málmíðnaðarins.

Stjórn FM ehf.

Stjórn Fræðslumiðstöðvar málmíðnaðarins ehf. skipa: Bjarni Thoroddsen og Ingólfur Sverrisson frá Samtökum iðnaðarins og Hákon Hákonarson og Örn Friðriksson frá Samiðn. Framkvæmdastjóri FM ehf. er Gylfi Einarsson.

Ingólfur Sverrisson

Árangursrík námskeið

Einn liður í þjónustu Samtaka iðnaðarins er að bjóða aðildarfélögum sínum námskeið í stjórnun og rekstri. Skömmu eftir hvítasunnu héldu starfsmenn SI slík námskeið fyrir þrjú af aðildarfélögum sínum sem starfa í byggingariðnaði á Ísafirði. Fyrirtækin voru hvert með sjálfstætt námskeið þar sem almennir starfsmenn og stjórnendur sátu hlið við hlið og umræður urðu oft líflegar og uppbyggilegar.

Þetta eru fyrirtækin Ágúst og Flosi ehf., Trésmiðjan ehf., og Eiríkur og Einar Valur ehf. Námskeiðin voru haldin í húsnæði Þróunarseturs Vestfjarða og tók hvert þeirra rúmlega tvo klukkutíma.

Gagnsemi tímaskráningar

Þar var fjallað um gagnsemi tímaskráningar og hvernig hún skapar forsendur fyrir rétttri verðlagningu á framleiðslu og þar með tilboðsgerð fyrirtækja. Farið var í saumana á hvers vegna útseldur tími er oftast miklu hærri en útborguð laun starfsmanna. Helstu hugtök, eins og fastur kost-



naður, framlegð, framleiðni og afskriftir voru útskýrð á einfaldan hátt og sýnt fram á hversu mikil áhrif starfsmenn geta haft á afkomu fyrirtækisins og þar með sína eigin.

Fastir útgjaldaliðir vega þungt í rekstri

Það kom ýmsum starfsmönnum á óvart hvað fastir útgjaldaliðir geta orðið stórir þættir í rekstri fyrirtækja og hvernig þeir hafa áhrif á vöruverð og afkomu þeirra. Skilningur starfsmanna á því hversu mikilvægt er að halda kostnaði í lágmarki kom berlega í ljós og þeir voru þegar farnir að benda á atriði sem hugsanlega mættu betur fara til að bæta árangur.

Starfsmenn hafa mikil áhrif á afkomu fyrirtækja

Starfsmenn fengu góða sýn á hversu mikil áhrif þeir geta haft á afkomu fyrirtækisins og hvernig því gengur að fóta sig í harðri og vægðarlausri samkeppni. Dæmi voru tekin þar sem fram voru settar ýmsar forsendur þannig að hægt var að skoða hvaða áhrif það hefur á rekstur fyrirtækisins að það hafi á að skipa góðum starfsmönnum.

Starfsmenn lýstu ánægju sinni með námskeiðin og töldu sig hafa fengið aukinn skilning á þörfinni fyrir samheldni og samvinnu stjórnenda og almennra starfsmanna til að ná árangri og tryggja þannig framtíð og góða afkomu fyrirtækisins og þar með sína eigin.

Námskeið, sem þessi, standa öllum aðildarfélögum Samtaka iðnaðarins til boða. Þar sem aðstaða er fyrir hendi úti í fyrirtækjunum er ekkert því til fyrirstöðu að starfsmenn SI sækji þau heim og haldi slík námskeið í kaffistofum eða öðrum sambærilegum vistarverum.

*Ferdinand Hansen
www.gsi.si*

Stefnumótun stjórnar og ráðgjafaráðs SI

Áhersla á samræmda efnahagsstjórn næstu fjögur ár

Stjórn, ráðgjafaráð, formenn og stjórnir aðildarféлага SI hafa undanfarið unnið að því að endurskoða þau forgangsverkefni sem leggja ber megináherslu á í starfi Samtaka iðnaðarins á næstunni. Hópurinn skilgreindi 20 verkefni sem hann raðaði síðan í forgangsörð eftir mikilvægi og væntanlegum áhrifum á árangur og starfskilyrði í iðnaði. Eftirtalin 10 verkefni urðu efst í forgangsörðun hópsins að þessu sinni:

1. Samræmd efnahagsstjórn næstu fjögur ár

Koma í veg fyrir að þensla næstu ára ryðji samkeppnisfyrirtækjum út af markaði. Stefna því að vextir á Íslandi verði sambærilegir vöxtum í nágrannalöndunum og að gengi íslensku krónunnar tryggi raunhæfan rekstrargrundvöll útflutnings- og samkeppnisgreina.

2. SI öflugur þrýstihópur um góð starfskilyrði

Koma sjónarmiðum SI á framfæri og hafa áhrif á almenn viðhorf í þjóðfélaginu og stefnu stjórnvalda. Að almenningur, stjórnmaðlamenn og fréttamenn þekki á hverju atvinnulífi byggist. Taka saman upplýsingar til að sýna rétta mynd af stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna t.d. varðandi vexti, gengi og útflutning. Taka virkan þátt í þjóðmálaumræðunni og koma upplýsingum til



almennings með einföldum hætti m.a. í formi stuttra aðgengilega rita, myndrænnar framsetningar, námskeiða fyrir fréttamenn og stjórnmaðlamenn.

3. Efling verkmenntunar - Menntamál í framhaldsskólum

Efla verkmenntun og aðra menntun í framhaldsskólum. Hefja umræður um hvort markmið framhaldsskóla er að nást. Hlúa að verkmenntun. Minnka brottfall úr framhaldsskólum. Athuga hvort nýta megi árangursmælingar, svipaðar þeim sem við notum í iðnfyrirtækjum fyrir framhaldsskóla - s.s. ánægjuvög og hagnýt viðmið. Velja nemendurnir réttar leiðir? - Opna augu þeirra fyrir verkmenntun.

4. Aðildarviðræður við ESB tengsl - upptaka evru

Kanna forsendur og skilyrði þess að Ísland gangi í ESB. Evra verði framtíðargjaldmiðill á Íslandi. Ná samstöðu meðal ríkisvaldsins, hagsmunaaðila og almennings um að ræða framtíðartengsl Íslands og ESB. Að fá fram hvað Íslendingum gæti staðið til boða við inngöngu í ESB. Meta kosti og galla. Stuðla að upplýstri umræðu um ESB aðild.

5. Öflugur tækniþróunarsjóður - Öflugur Nýsköpunarsjóður

Efla nýsköpunar- og frumkvöðlastarf sem býr við fjársvelt. Að tryggja tilurð og tilvist öflugs tækniþróunarsjóðs með árlegu tveggja milljarða króna framlagi til að styðja við nýsköpun og þróun í íslenskum iðnaði og nýsköpunarfyrirtækjum. Tryggja Nýsköpunarsjóði auknið fjármagn til að hann geti áfram sinnt því hlutverki, sem honum er ætlað, með öflugum hætti.

6. Kynning á íslenskum iðnaði

Halda fjölmarga skipulagða Daga iðnaðarins fyrir hinar ýmsu starfsgreinar innan SI með það að markmiði að efla innra og ytra kynningarstarf SI, aðildarfyrirtækja og fagfélaga. Frumkvæði að slíkum dögum komi bæði frá SI og starfsgreinahópum og fyrirtækjum í

framh. á bls.8

